



Reykjavík, 24. september 2024

USK24040280

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa umhverfisgæða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. apríl 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að láta vinna stefnu um tjarnir Reykjavíkur. Skipa skal starfshóp sem vinnur að stefnumörkun þar sem m.a. verður fjallað um hreinsun og þrif tjarna og hvernig búa megi fuglum öryggi og frið frá köttum t.d. með gerð hólma í tjörnum. Í stefnunni skal einnig koma fram tímasett áætlun um hvernig breytingum frá núverandi ástandi skuli náð fram og hver sé viðunandi staða eftir tilsettan tíma. Einnig skal tímasetja áætlanir og hugmyndir um framtíðarsýn, gildi og markmið sem fylgt er eftir með mælikvörðum og fjármagnstengdum aðgerðum.

Greinargerð sem fylgir tillögu:

Í Reykjavík eru margar tjarnir, flestar manngerðar. Sumar tjarnir eru til að jafna streymi leysingavatns, eða og hindra að leysingavatn af götum fari beint t.d. út í Elliðaár, (settjarnir) en aðrar til að fegra umhverfið. Í Reykjavík eru fjölmargar tjarnir, flestar litlar og manngerðar. Stærsta tjörnin er Reykjavíkurtjörn.

Það er aðallega tvennt sem borgarfulltrúi Flokks fólksins telur að leggja þurfi áherslu á í stefnu sem hér er lagt til að verði gerð er umhirða og þrif í kringum tjarnir annars vegar og gerð hólma í tjörnum til að mynda friðland fyrir fugla hins vegar. Í þeim fjölmörgu litlu tjörnum mætti vel byggja hólma. Í tjörnum í borgarlandinu er rusl og þar er plast mest áberandi. Ef horft er til Reykjavíkurtjarnar er áberandi oft á tíðum hvað þrif er ábótavant. Í Tjörninni er oft heilmikið rusl. Þetta atriði er eitt af því sem þyrfti að vera skýrt kveðið á um í stefnu borgarinnar um tjarnir. Ef hreina á tjörn almennilega þarf að fara úti á þær með háfa og veiða rusl. Einfalt verkfæri eru mislangir og misstórir netháfar. Slíkt tíðkast í flestum ef ekki öllum bæjum í Evrópu. Einhver þarf að vakta þessa hluti með kerfisbundnum hætti. Hafi safnast ruslahrúga þarf að hreinsa hana. Í Reykjavík ganga kettir lausir. Þeir drepa meirihluta fuglsunga sem klekjast út í borginni. En kettir synda ekki og komast ekki út í hólma og hólmar eru því mikilvægir bara þess vegna. Hólmar er næstum það eina sem getur farið fuglalíf frá köttum, gefið þeim öryggi og frið. Það ætti að vera kappsmál okkar allra og stuðla að því að flestir ungar komist á legg. Mikilvægt er að fram komi í stefnunni áætlun um gerð hólma í tjörnum. Fæstar manngerðar tjarnir eru með hólma. T.d. eru tiltölulega nýgerðar fjórar settjarnir meðfram Elliðaá en engin með hólma. Í Úlfarsárdal eru manngerðar tjarnir og fleiri í bígerð, aðeins ein með hólma. Í



Reykjavík



Fossvogsdal er einn hólmi. Tjörnin í miðbæ Reykjavíkur bæri marga hólma til viðbótar þeim tveimur sem eru manngerðir. Hólmar þurfa ekki allir að vera eins, þ. e. lágir og grösugir. Ásamt slíkum gætu sumir verið með stórt tré, sem hentar spörfuglum. eða einhverjum mannvirkjum sem hentuðu sem hreiðurstæði. Mismunandi hólmar í sömu tjörn gætu laðað að sér mismunandi fuglategundir. Sérhver tegund helgar sér einhvers konar óðal á varptíma sem er varið gagnvart sömu tegund, en aðrar tegundir oftast látnar í friði. Með mörgum mismunandi hólum gætu margir fuglar fengið frið til að koma upp ungum.

Flokkur fólksins hefur áður bent á að hólmar ættu að vera í eins mörgum tjörnum og unnt er. Undirtektir meirihlutans við þessum ábendingum hafa ekki verið miklar, raunar engar. Með slíkri stefnumörkun má vinna margt í umhverfisvænum málum. Oft hefur meirihlutinn beitt þeim rökum að hin og þessi framkvæmd, svo sem að gera eitt og eitt blómabeð, eða setja blómapott á bílastæði, eða að beita einhverjum ofanvatnsleiðum sé til að auka „líffræðilega fjölbreytileika“ sem sjaldan stenst skoðun. En í þessari tillögu um að nýta og njóta tjarna í borginni má vissulega beita þeim rökum að verið sé að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í borginni. Í stefnunni mætti einnig setja ákvæði um hvernig aðstæður við tjarnir í borgarlandinu ættu að vera og hvernig hægt er að bjóða upp á áningu svo hægt sé að njóta þeirra. Til dæmis að setja fleiri bekkir og jafnvel borð í kring sem gefur fólki kost á að staldra við þær, tylla sér á bekk og jafnvel borða nesti á meðan það nýtur umhverfisins.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 8. maí 2024.

Umsögn:

Stefna Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni var samþykkt í janúar 2016 en í henni eru skilgreind markmið og lykilverkefni sem miða að því að hlúa að líffræðilegri fjölbreytni í Reykjavík. Í aðgerðaáætlun með stefnunni er m.a. fjallað um settjarnir og aðrar ofanvatnslausnir. Þau atriði sem hér eru nefnd um þrif í kringum tjarnir og gerð hólma í tjörnum eiga vel heima í aðgerðaráætluninni.

Þar sem umhirða tjarna og hönnun hólma á vel heima í stefnu og aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni er lagt til að tillögunni verði vísað inn í vinnu við endurskoðun stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar sem mun hefjast á árinu 2025.

Virðingarfyllt,
Benedikt Traustason
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa umhverfisgæða



Reykjavík